

Bréf til umhverfisnefndar Garðabæjar

Efni: Tillaga um lengingu varptíma við Vífilsstaðavatn

Við undirritaðar leggjum fram tillögu fyrir umhverfisnefnd Garðabæjar um lengingu varptíma við Vífilsstaðavatn til 15. ágúst. Í dag er varptíminn við Vífilsstaðavatn skilgreindur frá 15. apríl til 1. júlí.

Vífilsstaðavatn og nágrenni var friðlýst sem friðland árið 2007. Markmiðið með friðlýsingunni er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og nánasta umhverfi ásamt því að auka útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins. Umhverfisnefnd hefur yfirumsjón með Vífilsstaðavatni.

Fuglalíf í friðlandi Vífilsstaðavatns er fjölskrúðugt þar sem töluvert af andfuglum verpa við vatnið og mófuglar umhverfis það. Fuglategundir sem sjást helst yfir sumartímann eru skúf-, stökk- og toppendur, kríur, álfir og flórgoðar sem hafa mikið aðdráttarafl fyrir fuglaáhugafólki. Á varptíma er hundum bannaður aðgangur í friðlandinu en utan varptímans eru hundar aðeins leyfðir í taumi. Starfsfólk á vegum garðyrkjudeilar Garðabæjar hefur umsjón með að friðhelgi fugla sé virt, hundabanni sé fylgt eftir og að umgengnisreglur við Vífilsstaðavatn séu virtar.

Mikill fjöldi gesta heimsækir friðlandið ár hvert en samkvæmt gönguteljara á svæðinu hafa tæplega 53 þúsund gestir heimsótt friðlandið síðan í janúar á þessu ári eða um 250 manns á dag. Friðlandið nýtur einnig vinsælda meðal hundaeiganda sem sækja í þetta mikilvæga varpland til að viðra hunda sína og er þá friðhelgi fuglanna því miður ekki alltaf virt. Sumir hundaeigendur hunds hundabannið yfir varptímann og hleypa jafnvel hundum sínum lausum í friðlandinu sem er stranglega bannað á öllum tímum ársins. Þetta er gert í óþökk fugla og annara gesta friðlandsins. Í því sambandi má nefna að enginn skortur er á útivistarsvæðum í Garðabæ þar sem hundar eru velkomnir, en fá bæjarfélög státa af jafn víðfeðmri náttúru umhverfis byggðina.

Friðland Vífilsstaðarvatns er vinsælt til útivistar og aðsókn mikil, en umferð gesta og ferfætlinga í kjörlandi og á varpstöðvum fuglanna getur truflað og skemmt varp. Sé friðhelgi fugla við Vífilsstaðavatn virt, er líklegt að fleiri ungar komist á legg og fuglum í friðlandinu fjölgi. Ef fuglavarp á að takast þurfa fuglar ró og næði frá því að varp hefst og allt þar til ungarnir verða fleygir í ágúst. Við leggjum því til að varptími verði lengdur í friðlandi Vífilsstaðarvatns og gildi allan varp- og ungatímann og verði skilgreindur frá 15. apríl til 15. ágúst.

Linda Björk Jóhannsdóttir
verkefnastjóri í garðyrkjudeild

Ásta Leifsdóttir
sinnir landvörslu á
náttúrusvæðum í Garðabæ